

Ákvörðun nr. 14/2022
Föstudagur, 10. júní, 2022

Kaup Kviku banka á færsluhirðingarsamningum af sameinuðu félagi Rapyd og Valitors

I. Samantekt

1. Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 13/2022, *Samruni Rapyd og Valitors*, grundvallast á sátt sem Rapyd Financial Network (2016) Ltd. („Rapyd“) gerði við Samkeppniseftirlitið. Sáttin felur m.a. í sér þá kvöð að selja tiltekið magn færsluhirðingarsamninga úr fórum samrunaaðila til hæfs kaupanda í því skyni að vinna gegn skaðlegum áhrifum samrunans á samkeppni. Eins og fram kemur í lok ákvörðunar nr. 13/2022 var það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Kvika banki hf. („Kvika“ eða „bankinn“) væri hæfur kaupandi að umræddum færsluhirðingarsamningum.
2. Með ákvörðun þessari heimilar Samkeppniseftirlitið Kviku að kaupa það tilgreinda magn færsluhirðingarsamninga sem kveðið var á um að skyldi selt samkvæmt ákvörðun nr. 13/2022 frá sameinuðu félagi Rapyd og Valitors hf. („Valitor“), gegn skilyrðum sem Kvika hefur fallist á að hlíta með undirritun sáttar við Samkeppniseftirlitið. Sáttin er birt í ákvörðunarorðum aftast í ákvörðun þessari.
3. Hið sameinaða félag mun tímabundið veita Kviku þjónustu, einkum á sviði tæknilegrar framkvæmdar og uppgjors gagnvart alþjóðlegu kortafélögunum. Jafnframt felst í þessari þjónustu að Kvika getur starfað tímabundið á grundvelli aðalleyfa samrunaaðila frá alþjóðlegu kortakerfunum. Með sáttinni við Samkeppniseftirlitið hefur Kvika m.a. skuldbundið sig til þess að færa framangreind þjónustukaup til annars þjónustuveitanda sem ekki er umsvifamikill færsluhirðir á Íslandi fyrir tiltekin tímamörk. Er þetta mikilvægur liður í því að tryggja varanlegt samkeppnislegt sjálfstæði Kviku frá sameinuðu félagi. Jafnframt er m.a. að finna í sáttinni ákvæði sem lúta að því að tryggja að færsluhirðingarþjónusta Kviku verði ekki rekin í dótturfélagi í eigu bankans nema að tilteknum skilyrðum fullnægðum.
4. Telur Samkeppniseftirlitið ekki þörf á frekari íhlutun vegna kaupa Kviku á umræddum færsluhirðingarsamningum en felast í ákvæðum téðrar sáttar Kviku við Samkeppniseftirlitið og ákvæðum áðurnefndrar sáttar Samkeppniseftirlitsins við Rapyd.



II. Samruninn

5. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki yfir annað fyrirtæki eða það nái yferráðum í heild eða hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.
6. Kaup Kvikú á færsluhirðingarsamningum við söluaðila sem samanlagt stóðu undir [...]¹ milljarða króna færsluhirtri veltu á árinu 2021 af sameinuðu félagi Rapyd og Valitors, fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga, sem jafnframt er tilkynningaskyldur þar sem veltuviðmið 17. gr. a laganna eru uppfyllt. Til grundvallar kaupunum liggur fyrir kaupsamningur, dags. 4. febrúar 2022, og viðaukar við hann, dags. 21. mars 2022 og 16. maí 2022.
7. Samrunaaðilar starfa að afar litlu leyti á sömu mörkuðum og lýtur hið selda ekki að starfsemi sem báðir aðilar stunda þar sem Kvikú hefur hingað til ekki veitt færsluhirðingarþjónustu. Hér er því ekki um láréttan samruna að ræða og teljast skilyrði 17. gr. a samkeppnislaga uppfyllt fyrir styttri tilkynningu.
8. Samkvæmt ákvörðun nr. 13/2022 er Rapyd alþjóðlegt fjártæknifyrirtæki sem sérhæfir sig í að auðvelda söluaðilum aðgengi að mörkuðum víðs vegar um heim. Rapyd Europe hf., dótturfélag Rapyd, rekur færsluhirðingu hérlendis. Með kaupum Rapyd á Valitor er ætlunin að sameina starfsemi Rapyd Europe hf. og Valitors. Að öðru leyti vísast til ákvörðunar nr. 13/2022 varðandi starfsemi Rapyd og Valitors („sameinað félag“).

Kvikú er sérhæfður banki með starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lýtur Kvikú eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Innan samstæðu Kvikú er rekin eigna- og sjóðastýring, markaðsviðskipti, fyrirtækjaráðgjöf, innlána- og útlánastarfsemi, önnur bankastarfsemi og tryggingastarfsemi (TM). Kvikú starfrækir m.a. rafræna greiðslulausn undir merki Netgíró sem gerir neytendum kleift að taka neyslulán til að fjármagna kaup á vörum hjá tilteknum söluaðilum. Til nánari glöggvunar um starfsemi Kvikú vísast til fyrri ákvarðana Samkeppniseftirlitsins enda hefur ítarlega verið fjallað um starfsemi Kvikú í ýmsum fyrri ákvörðunum eftirlitsins.² Kvikú er skráð á aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

III. Ferill máls og málsmeðferð

9. Samkeppniseftirlitið átti í ýmsum samskiptum við Kvikú vegna áformaðra kaupa bankans á þeim færsluhirðingarsamningum sem um ræðir á meðan rannsókn eftirlitsins á samruna Rapyd og Valitors stóð yfir sem leiddi til ákvörðunar nr. 13/2022. Í kafla III í þeirri ákvörðun er m.a. rakin sú málsmeðferð sem leiddi til þess að Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Kvikú væri hæfur kaupandi í skilningi sáttarinnar við Rapyd sem birt er í lok ákvörðunar nr. 13/2022.
10. Í þessu sambandi má m.a. geta þess að í tengslum við rannsóknina á samruna Rapyd og Valitors fékk Samkeppniseftirlitið í hendur margvíslegar upplýsingar um starfsemi Kvikú, fundaði nokkrum sinnum með bankanum og átti í samskiptum við hann varðandi útfærslu sáttar þeirrar sem liggur til grundvallar niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins í máli þessu og birt er hér aftast í ákvörðunarorðum. Að öðru leyti byggir Samkeppniseftirlitið á þeim gögnum fylgdu samrunatilkynningu Kvikú vegna kaupanna á samningunum.

¹ Felld út vegna trúnaðar.

² Sjá t.d. ákvörðun nr. 5/2021, Samruni Kvikú banka hf., TM hf. og Lykils fjármögnunar hf.



IV. Niðurstaða

11. Eins og framfar er rakið, lauk rannsókn Samkeppniseftirlitsins á samruna Rapyd og Valitors með sátt þar sem Rapyd skuldbatt sig gagnvart Samkeppniseftirlitinu til að grípa til aðgerða sem ætlað er að eyða skaðlegum áhrifum samrunans á samkeppni. Samhliða gerði Kvika banki hf. („Kvika“) sátt við Samkeppniseftirlitið, vegna kaupa bankans á færsluhirðingarsamningum úr fórum bankans. Var sáttin við Kviku frágengin þann 21. maí 2022 og er markmiðið með henni einkum það að tryggja að söluskilyrði gr. 2 í sáttinni við Rapyd nái tilgangi sínum. Er sáttin við Kviku jafnframt grundvöllur þess að unnt sé að heimila kaup Kviku á samningunum í því samrunamáli sem hér er til umfjöllunar. Verður nú gerð grein fyrir niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins í samrunamáli því sem lýtur að kaupum Kviku á téðum samningum.

1. Markaðir máls og markaðshlutdeild

12. Ljóst er að sömu markaðir eiga við í þessu máli og komist var að niðurstöðu um í ákvörðun nr. 13/2022 og er Kvika sammála þeirri ályktun. Í samrunatilkynningu sinni tekur Kvika þannig undir og vitnar í sjónarmið Samkeppniseftirlitsins um markaði máls sem fram koma í ákvörðun nr. 13/2022.
13. Með vísan til umfjöllunarinnar í ákvörðun nr. 13/2022 er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að „*meginmarkaður málsins*“ sé heildarmarkaðurinn fyrir færsluhirðingu viðskipta á sölustað á Íslandi (óháð uppgjörsmýnt) og færsluhirðingu netviðskipta með uppgjöri í íslenskum krónum hjá íslenskum söluaðilum. Að auki telur Samkeppniseftirlitið að í málinu sé nauðsynlegt að aðgreina tvo undirmarkaði meginmarkaðar málsins, þ.e. færsluhirðingu á heildsölustigi og færsluhirðingu á smásölustigi. Í þessu sambandi er það mat Samkeppniseftirlitsins að á grundvelli þjónustusamnings við sameinað félag muni Kvika tímabundið kaupa færsluhirðingu á heildsölustigi af hinu sameinaða félagi og selja áfram til söluaðila á smásölustigi.³
14. Líkt og fram kemur í ákvörðun nr. 13/2022 felur söluskilyrði gr. 2 í sáttinni við Rapyd það í sér að sameinað félag þarf að selja frá sér færsluhirðingarsamninga sem stóðu undir færsluhirtri veltu sem svarar til meiri markaðshlutdeildar en reiknuð hlutdeild Rapyd að teknu tilliti til áhrifa nýrra samninga við veigamikla söluaðila á árinu 2021.⁴ Þetta þýðir að Kvika mun öðlast um fjórðungshlutdeild á smásölustigi meginmarkaðar málsins eftir kaupin á samningunum. Keppinautar Kviku á smásölustigi meginmarkaðar málsins eru þá einkum hið sameinaða félag og SaltPay sem bæði eru lóðrétt samþætt. Aðrir keppinautar hafa afar litla hlutdeild en fyrir liggur að tvö fyrirtæki til viðbótar stefna á að hefja starfsemi á markaðnum á næstunni. Vísast í þessu sambandi til umfjöllunar í kafla IV-3 í ákvörðun nr. 13/2022.
15. Eins og áður segir mun Kvika tímabundið kaupa færsluhirðingu á heildsölustigi af sameinuðu félagi en með sáttinni við Samkeppniseftirlitið hefur Kvika skuldbundið sig til að færa framangreind þjónustukaup sín fyrir tiltekin tímamörk frá sameinuðu félagi til annars þjónustuveitanda sem ekki er umsvifamikill færsluhirðir á íslenska markaðnum. Er þetta mikilvægur liður í því að tryggja varanlegt samkeppnislegt sjálfstæði Kviku frá sameinuðu félagi.

³ Til nánari glöggvunar vísast einkum til mgr. 106-137, mgr. 160-173, mgr. 145-147 og mgr. 262-284 í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 13/2022.

⁴ Við mat á markaðshlutdeild í þessu sambandi tók Samkeppniseftirlitið tillit til áhrifa þess að nokkrir veigamiklir söluaðilar gerðu samninga um að færa þjónustukaup sín ýmist til Valitors eða Rapyd á síðari hluta ársins 2021. Þetta hafði veruleg áhrif á mat á hlutdeild Valitors og einnig jökst hlutdeild Rapyd við þetta.



2. Mat á hæfi Kvikú sem kaupanda og samkeppnislegum áhrifum samrunans

16. Hluti af rannsókninni á samruna Rapyd og Valitors laut að því að meta hvort Kvika væri hæfur kaupandi að samningunum og var það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að bankinn væri hæfur kaupandi að samningunum líkt og fram kemur í mgr. 317 í ákvörðun nr. 13/2022. Verður nú nánar vikið að því mati og í framhaldi fjallað um samkeppnisleg áhrif samrunans sem kaup Kviku á samningunum fela í sér.

2.1. Mat á hæfi Kvikú sem kaupanda

17. Í grein 3 í sátt Samkeppniseftirlitsins við Rapyd, sem birt er í ákvörðun nr. 13/2022, koma fram eftirfarandi kröfur til kaupanda:

*„Val á kaupanda/kaupendum er háð samþykki Samkeppniseftirlitsins og því að hver kaupandi uppfylli neðangreind skilyrði (sameiginlega „**kaupandakröfur**“):*

- a) Kaupandi skal vera sjálfstæður og ótengdur samrunaaðilum og fyrirtækjum tengdum þeim;*
- b) Kaupandi skal búa yfir nægilegum fjárhagslegum styrk, þekkingu á viðkomandi starfsemi, og hvata til að viðhalda og þróa hið selda sem virkur keppinautur í samkeppni við samrunaaðila og aðra færsluhirða;*
- c) Kaupandi skal vera með nægilega stönduga bakvinnslu og hafa nauðsynleg starfsleyfi/geta nýtt starfsleyfi útgefið í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins til starfa á Íslandi; **EÐA** skal hafa gert samning við aðila sem er með starfsleyfi sem gerir kaupanda kleift að þjónusta hið selda; og*
- d) Kaup kaupanda á hinu selda mega hvorki vera líkleg til að skapa ný samkeppnisleg vandamál, né stefna tímanlegri innleiðingu skilyrðanna í hættu. Nánar tiltekið, verður að mega ætla að kaupandinn hafi eða geti tímanlega aflað nauðsynlegra leyfa frá yfirvöldum vegna kaupanna, eftir því sem þörf er á.“*

18. Ekkert bendir til annars að mati Samkeppniseftirlitsins en að Kvika banki sé hæfur kaupandi að samningunum. Vísast í því sambandi til eftirfarandi ályktana og röksemda.

19. *Skilyrði a-liðar:*

Að mati Samkeppniseftirlitsins telst Kvika sjálfstæð og ótengd samrunaaðilum og fyrirtækjum tengdum þeim þrátt fyrir að bankinn kaupi tímabundið færsluhirðingu á heildsölustigi af sameinuðu félagi. Byggir þetta á því að yfirfærsla viðskiptasambanda frá sameinuðu félagi til Kvikú tekur tíma og stuðlar hið tímabundna heildsöluviðskiptasamband í reynd að því að yfirfærslan gangi hnökralaust fyrir sig þannig að kaupmenn finni ekki fyrir neinum óþægindum vegna hennar. Í því skyni að tryggja sjálfstæði Kvikú frá samrunaaðilum til framtíðar hefur Kvika skuldbundið sig gagnvart Samkeppniseftirlitinu til að segja upp þjónustukaupasamningnum við sameinað félag og færa þjónustukaupin til annars þjónustuveitanda fyrr en upphaflega stóð til. Vísast í þessu sambandi til ákvæðis sáttar Samkeppniseftirlitsins við Kvikú sem fram kemur í grein 2.

20. *Skilyrði b-liðar:*

Þá verður ekki um það deilt að mati Samkeppniseftirlitsins að Kvika býr yfir nægilegum fjárhagslegum styrk og hvata til að viðhalda og þróa hið selda sem virkur keppinautur í



Samkeppni við samrunaaðila og aðra færsluhirða. Í þessu sambandi vísast annars vegar til þess að Kvika er stórt og öflugt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða sem skráð er á aðalmarkaði Nasdaq á Íslandi. Jafnframt bendir ekkert til annars en að Kvika hafi skýran hvata til að auka hlutdeild sína á markaðnum svo lengi sem tekjur eru hærri en breytilegur kostnaður. Þá liggur fyrir að Kvika sem fyrrum leiðandi hluthafi í Kortu hf. hefur öðlast þekkingu á færsluhirðingarstarfsemi og sinnir þar að auki þjónustu á nálægum markaði með þeim greiðslulausnum sem bankinn býður undir vörumerkjum Netgíró og Aur.

21. *Skilyrði c-liðar:*

Að mati Samkeppniseftirlitsins uppfyllir Kvika einnig skilyrðið um að hafa nægilega stönduga bakvinnslu og hafa nauðsynleg starfsleyfi. Í þessu sambandi vísast til þess að Kvika hefur starfsleyfi sem greiðslustofnun og býr að mikilvægum stoðþjónustueiningum í bankanum, svo sem regluvörslu, áhættustýringu, bókhaldi, fjárstýringu, lögfræðisviði, bakvinnslu og upplýsingatækni, sem undirbyggja starfsemina.⁵

22. *Skilyrði d-liðar:*

Svo sem fyrr greinir hefur Kvika starfsleyfi sem greiðslustofnun og getur því nú þegar hafið að reka færsluhirðingarstarfsemi. Skapast því ekki ný samkeppnisleg vandamál né er tímanlegri innleiðingu skilyrða sem sett voru með ákvörðun nr. 13/2022 stefnt í hættu.

3. Mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans

23. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans ber einkum annars vegar að huga að þeim tilætluðu jákvæðu mótvægisáhrifum sem sala samninganna til Kviku er ætlað að hafa samkvæmt sátt Rapyd við Samkeppniseftirlitið, og hins vegar að huga að mögulegum samsteypuáhrifum samrunans. Þar sem Kvika rekur ekki færsluhirðingarstarfsemi er ekki um lárétt áhrif að ræða vegna samningskaupanna.

3.1. Tilætluð mótvægisáhrif

24. Líkt og ítarlega er rakið í ákvörðun nr. 13/2022 eru kaup Kviku á samningunum afleiðing af söluskilyrði í sátt Rapyd við Samkeppniseftirlitið. Söluskilyrðið er hryggjarstykkið í mótaðgerðum þeim sem ætlað er að eyða skaðlegum áhrifum af samruna Rapyd og Valitors á samkeppni. Ljóst er að ef Rapyd hefði ekki fallist á að selja það magn færsluhirðingarsamninga sem um ræðir til hæfs kaupanda hefði ekki verið unnt að heimila samruna Rapyd og Valitors.⁶

25. Í samrunatilkynningu Kviku segir að yfirfærsla viðskiptasambandanna til Kviku feli í senn í sér að markaðshlutdeild Rapyd og Valitors verði til muna minni en ella hefði verið raunin og skapi jafnframt jarðveg fyrir nýjan burðugan keppinaut á smásölustigi færsluhirðingar, þ.e. Kviku.

26. Til þess að kaup Kviku á færsluhirðingarsamningunum (sá samruni sem hér er til umfjöllunar) eyði hinum skaðlegu áhrifum á samkeppni sem komið hefðu fram ef ekki hefði verið kveðið á um sölu færsluhirðingarsamninganna í ákvörðun nr. 13/2022, er afar mikilvægt að Kvika verði virkur og öflugur keppinautur á markaðnum, einkum á sviði verðlagningar og þjónustugæða.

⁵ Í sátt Samkeppniseftirlitsins við Rapyd var ekki gerð krafa um að kaupandi hefði eigin aðalleyfi frá Visa og Mastercard enda var það heldur ekki gert í fordæmisgefandi ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB í máli M.9776 Worldline/Ingenico sem vísað er til í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 13/2022.

⁶ Samruni þessara fyrirtækja án mótaðgerða hefði ýmist styrkt mögulega markaðsráðandi stöðu Valitors verulega eða leitt til myndunar afgerandi markaðsráðandi stöðu sameinaðs félags.



27. Samkeppniseftirlitið telur að Kvika hafi alla burði og hvata til þess að verða slíkur keppinautur á markaðnum sem hér er lýst og að samruninn muni þar með hafa þau tilætluðu jákvæðu mótvægisáhrif sem lagt var upp með í sátt Samkeppniseftirlitsins við Rapyd. Í þessu sambandi vísast til þess sem rakið hefur verið hér að framan um hæfi bankans sem kaupanda og þeirra kvaða sem Kvika hefur undirgengist með gerð sáttar við Samkeppniseftirlitið í tengslum við kaupin. Jafnframt skal á það bent að rök standa til þess að samruninn muni hafa jákvæð samlegðaráhrif á rekstur Kviku og færa þeim söluaðilum ábata sem jafnframt eru í viðskiptum við Kviku vegna Netgíró, eins og vikið er að í umfjöllun um samsteypuáhrif samrunans hér á eftir.
28. Í samrunatilkynningu Kviku kemur m.a. fram að bankinn stefni að því að geta boðið framúrskarandi þjónustu og vera leiðandi meðal íslenskra banka á sviði fjártækniþróunar, þar með talið m.t.t. þeirra tækifæra sem gefast fyrir viðskiptavini á því sviði. Samruninn sé mikilvægur þáttur í þessu markmiði.
29. Með vísan til framangreinds telur Samkeppniseftirlitið að rök standi til þess að kaup Kviku á færsluhirðingarsamningunum úr fórum sameinaðs félags muni hafa þau tilætluðu jákvæðu mótvægisáhrif sem að er stefnt með sölu samninganna úr fórum sameinaðs félags samkvæmt sátt Samkeppniseftirlitsins við Rapyd.

3.2. Samsteypuáhrif

30. Með kaupum Kviku á færsluhirðingarsamningunum rennur færsluhirðingarstarfsemi saman við fjármála fyrirtæki sem ekki rekur færsluhirðingu. Í þessu ljósi er unnt að líta svo á að um samsteypusamruna sé að ræða.
31. Dómstólar ESB hafa lýst samsteypusamrunum svo að þeir feli í meginatriðum í sér að ekki séu samkeppnislegir snertifletir milli fyrirtækjanna sem sameinast. Þannig séu fyrirtækin ekki beinir keppinautar og eigi hvorki í birgjasambandi né viðskiptasambandi. Sökum þessa séu almennt ekki löglíkur á því að slíkir samsteypusamrunar hafi í för með samkeppnishamlandi áhrif. Hins vegar geta slíkir samrunar haft samkeppnishamlandi áhrif undir vissum kringumstæðum.⁷
32. Í leiðbeiningarreglum framkvæmdastjórnar ESB um samruna sem ekki teljast láréttir kemur m.a. fram að bæði lóðréttir samrunar og samsteypusamrunar hafi í för með sér verulegt svigrúm til hagræðingar.⁸ Eitt einkenni lóðréttra samruna og ákveðinna samsteypusamruna sé að starfsemi og/eða vörur viðkomandi fyrirtækja styðji hverjar við aðra (e. *are complementary to each other*). Þannig geti sameining stuðningsstarfsemi (e. *complementary activities*) eða stuðningsvara (e. *complementary products*) aukið hagkvæmni verulega og haft jákvæð samkeppnisleg áhrif.⁹
33. M.a. kemur fram í áður nefndum leiðbeiningum ESB að sameining af framangreindu tagi geti lækkað viðskiptakostnað og skapað færi á betri samræmingu hvað varðar vöruhönnun, skipulag framleiðsluferlisins og hvernig vörurnar eru seldar. Að sama skapi geti samruni sem tekur til

⁷ Dómur undirréttar ESB í máli nr. T-5/02, Tetra Laval gegn framkvæmdastjórninni [2002] ECR II-4381: „...the modified merger is conglomerate in type, that is, a merger of undertakings which, essentially, do not have a pre-existing competitive relationship, either as direct competitors or as suppliers and customers. Mergers of this type do not give rise to true horizontal overlaps between the activities of the parties to the merger or to a vertical relationship between the parties in the strict sense of the term. Thus, it cannot be presumed as a general rule that such mergers produce anti-competitive effects. However, they may have anti-competitive effects in certain cases.”

⁸ Sjá mgr. 13 í *Guidelines on the assessment of non-horizontal mergers under the Council Regulation on the control of concentrations between undertakings*. (2008/C 265/07).

⁹ Í áður nefndum leiðbeiningum ESB eru þjónustuþættir/vörur sagðar vera stuðningsveitandi (e. *complementary*) eða hagrænar stuðningsvörur (e. *economic complements*) ef þær eru meira virði fyrir viðskiptavini þegar þær eru notaðar eða neytt saman heldur en þegar þær eru notaðar eða neytt með aðskildum hætti. Einnig segir að unnt sé að líta svo á að lóðréttur samruni geti falið í sér sameiningu stuðningsstarfsemi til að skapa lokaafurðina. Til dæmis gegni bæði framleiðsla og dreifing stuðningshlutverki við að koma vöru á markað.



vara sem tilheyrta vöruúrvali eða vörulínu sem almennt eru seldar til sömu viðskiptavina, skilað ávinningi til viðkomandi viðskiptavina á grundvelli þess að þeir þurfi ekki að leita til margra söluaðila til að kaupa vörurnar (e. *one-stop shopping*). Skiptir í þessu sambandi ekki máli hvort viðkomandi vörur eru stuðningsvörur eða ekki.

34. Í þessu samhengi skal á það bent í samrunatilkynningu Kviku segir m.a. að Kvika sinni þegar starfsemi sem um margt sé sambærileg við færsluhirðingu. Þar megi helst nefna Netgíró, en félagið sé í dag með samningssamband við yfir [...] ¹⁰ kaupmenn og sinni reglulegum uppgjörum við stóran hluta þeirra. Þá sé einnig mikil samlegð í stoðeiningum sem séu nú þegar til staðar í bankanum, svo sem regluvörslu, áhættustýringu, bókhaldi, fjárstýringu, lögfræðisviði, bakvinnslu og ekki síst upplýsingatækni en þar sé talsverð þekking á þessari starfsemi bæði hérlendis og erlendis.
35. Samkvæmt framangreindu má ætla að kaup Kviku á færsluhirðingarsamningunum hafi í för með sér jákvæð samlegðaráhrif á rekstur Kviku og muni þannig renna styrkari stoðum en ella undir virka samkeppni af hálfu félagsins. Jafnframt má ætla að kaupin kunni að færa þeim söluaðilum sem bæði munu kaupa færsluhirðingarþjónustu og Netgíróþjónustu af Kviku tiltekinn ávinning á grundvelli þess að þurfa ekki að semja við fleiri en einn þjónustuveitanda um veitingu viðkomandi þjónustu (e. *one-stop shopping*).
36. Í áður nefndum leiðbeiningum ESB er varpað ljósi á undir hvaða kringumstæðum samsteypusamrunar geti verið samkeppnishamlandi. Slíkt á einkum við ef markaðsráðandi staða myndast eða styrkist. Slíkt getur í meginatriðum stafað af því að samrunar sem ekki eru láréttir geta með tilteknum hætti breytt getu og hvata samrunaaðila og keppinauta þeirra til að keppa á markaðnum, neytendum til tjóns.¹¹
37. Í leiðbeiningunum er lögð áhersla á mikilvægi þess að huga að því hvort svonefnd útilokunaráhrif (e. *foreclosure effect*) skapist vegna samruna sem ekki eru láréttir, þ.e. hvort keppinautar eða hugsanlegir keppinautar geti útilokast eða tálmast frá tilteknum markaði eða aðföngum.¹² Um tvenns konar útilokunaráhrif getur verið að ræða. Annars vegar getur verið um það að ræða að samruninn leiði til aukins kostnaðar keppinauta sem eru neðar í aðfangakeðjunni með því að takmarka aðgengi þeirra að mikilvægum aðföngum („aðfangaútilokun“).¹³ Hins vegar getur verið um það að ræða að samruninn leiði til þess að aðgangur þeirra sem eru ofar í aðfangakeðjunni að viðskiptavinum skerðist að umfangi („viðskiptamannaútilokun“).¹⁴
38. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 5/2021, *Samruni Kviku banka hf., TM hf. og Lykils fjármögnunar hf.*, segir að til þess að útilokunaráhrif geti átt sér stað verði markaðir þeir sem samsteypusamruninn tekur til að vera nátengdir. Einnig verði samrunaaðilar að vera í öflugri

¹⁰ Fellt út vegna trúnaðar.

¹¹ Tekið er fram í reglunum (mgr. 16) að sú staðreynd að einstakir keppinautar geti orðið fyrir skaða vegna þess að samruni auki hagkvæmni sameinaðs félags sé í sjálfu sér ekki samkeppnislegt áhyggjuefni. Það eru áhrif samrunans á virka samkeppni sem máli skipta.

¹² Sjá mgr. 18 í leiðbeiningunum.

¹³ Aðfangaútilokun skapast eftir samruna ef sameinað félag myndi takmarka aðgang að vörum eða þjónustu sem það myndi annars hafa boðið fram ef samruninn hefði ekki átt sér stað. Slíkt eykur kostnað keppinauta á lægri sölustigum með því að gera þeim erfiðara fyrir um að verða sér úti um aðföng á sambærilegu verði og skilmálum og fyrir samrunann. Aðfangaútilokun getur tekið á sig ýmsar myndir. Hið sameinaða félag gæti ákveðið að eiga ekki í viðskiptum við eiginlega eða mögulega keppinauta sína á lóðréttu sölustigi. Einnig gæti hið sameinaða félag ákveðið að takmarka aðföng og/eða hækka verð sitt gagnvart keppinautum og/eða að gera framboðsaðstæður óhagfelldari en þær hefðu verið ef samruninn hefði ekki átt sér stað.

¹⁴ Viðskiptamannaútilokun getur átt sér stað ef birgir sameinast mikilvægum viðskiptavinum á neðra sölustigi með þeim afleiðingum að dregið verði úr getu eða hvata birgja til að keppa. Slíkt getur svo leitt til þess að kostnaður viðskiptavina á neðra sölustigi hækki.



stöðu (e. *have market power*) á að a.m.k. einum markaði sem samruninn tekur til.¹⁵ Fram kemur að ólíklegt sé að framkvæmdastjórnin telji slíka samruna samkeppnishamlandi ef samrunaaðilar hafi minna en 30% hlutdeild á öllum viðkomandi mörkuðum.

39. Að mati Samkeppniseftirlitsins bendir ekkert sem fram hefur komið í máli þessu til þess að kaup Kvikú á færsluhirðingarsamningum úr fórum sameinaðs félags færi Kvikú slíka stöðu að keppinautar Kvikú í færsluhirðingu eða á öðrum sviðum fjármálaþjónustu útilokist með neinum hætti. Vísast í þessu sambandi til þess að ekki er um lóðréttan samruna að ræða og til þess að staða Kvikú í færsluhirðingu og á öðrum sviðum sem bankinn starfar á er ekki það sterk að bankanum væri unnt að útiloka keppinauta sína. Jafnframt fæst heldur ekki séð að kaupin á samningunum auki möguleika sameinaðs félags á að útiloka keppinauta sína á neinu sölustigi enda seldi hvorki Valitor né Rapyd keppinautum sínum hérlendis þjónustu á neinu sviði sem viðkemur færsluhirðingu (s.s. færsluhirðingarvinnslu) fyrir samrunann.
40. Af samrunum sem ekki eru láréttir geta leitt svonefnd samhæfingaráhrif (e. *coordinated effects*). Slík áhrif koma fram ef samruni breytir eðli samkeppninnar á þann veg að fyrirtæki sem fyrir samrunann stunduðu ekki samhæfingu, verði eftir samrunann mun líklegri til að samhæfa verðlagningu eða skaða virka samkeppni á annan hátt. Samruni getur einnig gert samhæfingu auðveldari, stöðugri eða skilvirkari fyrir fyrirtæki sem ástunduðu samhæfða hegðun fyrir samruna.
41. Ljóst er að fyrir samrunann var Kvikú ekki keppinautur á markaði fyrir færsluhirðingu og eru kaupin á samningunum afleiðing söluskilyrðis í sátt Samkeppniseftirlitsins gagnvart Rapyd. Almennt liðkar fækkun burðugra fyrirtækja á markaði vegna samruna fyrir möguleikum á samhæfðri hegðun og því hefði hættan á slíkri hegðun á færsluhirðingarmarkaði aukist til muna ef samruni Rapyd og Valitors hefði náð fram að ganga án íhlutunar í formi söluskilyrðisins. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru kaup Kvikú á samningunum því beinlínis til þess fallin að vinna gegn skaðlegum samhæfingaráhrifum sem ella kynnu að hafa átt sér stað.¹⁶
42. Þá er sú kvöð sem Kvikú hefur undirgengist, samkvæmt sátt þeirri er bankinn hefur gert við Samkeppniseftirlitið, að færa tímabundin þjónustukaup sín frá sameinuðu félagi til þjónustuveitanda sem ekki er umsvifamikill á íslenska færsluhirðingarmarkaðnum til þess fallin að vinna gegn hættu á samhæfðri hegðun. Jafnframt, að því marki sem unnt væri að líta svo á að hætta á samhæfingu aukist tímabundið eftir kaupin, þ.e. meðan Kvikú er í framangreindum heildsöluviðskiptum við sameinað félag, þá er unnið markvisst gegn því að slíkt geti gerst með þeim ákvæðum sáttar Rapyd við Samkeppniseftirlitið sem lúta að aðskilnaði og verkefnaaðgreiningu innan sameinaðs félags og eftirliti sérstaks kunnáttumanns.

3.3. Niðurstaða varðandi samkeppnisleg áhrif samrunans

43. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins samningskaup Kvikú séu til þess fallin að hafa tilætluð jákvæð mótvægisáhrif með hliðsjón af söluskilyrðinu í sátt Rapyd við Samkeppniseftirlitið og að kaupin muni ekki að öðru leyti hafa neikvæð áhrif á samkeppni enda eru ekki til staðar lárétt áhrif og samsteypuáhrifin sem samruninn hefur í för með sér eru ekki þess eðlis að samkeppni stafi ógn af.

¹⁵ Þannig var horft m.a. til hárrar markaðshlutdeildar, á bilinu 60-70%, í umfjöllun um samsteypusamruna í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 6/2009, *ERGN Holdings Ltd. og Euro Refund Group North á Íslandi ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

¹⁶ Í þessu sambandi skiptir máli að þjónustukaup Kvikú af sameinuðu félagi eru tímabundin.



4. Sátt Kviku við Samkeppniseftirlitið

44. Eins og áður hefur komið fram mun sameinað fyrirtæki tímabundið veita Kviku þjónustu, einkum á sviði tæknilegrar framkvæmdar og uppgjors gagnvart alþjóðlegu kortafélögunum. Jafnframt felst í þessari þjónustu að Kvika getur starfað tímabundið á grundvelli aðalleyfa samrunaaðila frá alþjóðlegu kortakerfunum. Stuðlar þetta að því að yfirfærsla viðskiptasambandanna og þjónusta Kviku við söluaðila í framhaldinu gangi hnökralaust fyrir sig á umskiptatímabili. Eins og áður hefur komið fram lítur Samkeppniseftirlitið svo á að þetta feli í sér að Kvika kaupi tímabundið færsluhirðingu á heildsölustigi af sameinuðu félagi.
45. M.a. og einkanlega í því skyni að tryggja að framangreint heildsöluviðskiptasamband milli keppinauta sé nægilega skammvinnnt, er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að nauðsynlegt sé að setja samruna þessum tiltekin skilyrði sem Kvika hefur fallist á að hlíta með gerð sáttar við Samkeppniseftirlitið.
- Í 1. gr. sáttarinnar er hnykkt á því að markmið Kviku sé að veita íslenskum söluaðilum trausta og samkeppnishæfa þjónustu á sviði færsluhirðingar á smásölustigi hérlendis og um leið keppa með virkum hætti um viðskiptavini á markaðnum til framtíðar.
 - Eins og fram kemur í 2. gr. skuldbindur Kvika sig til þess að færa áður nefnd þjónustukaup fyrir tiltekin tímamörk frá sameinuðu félagi til annars þjónustuveitanda sem ekki er umsvifamikill færsluhirðir á íslenska markaðnum. Er þetta mikilvægur liður í því að tryggja varanlegt samkeppnislegt sjálfstæði Kviku frá sameinuðu félagi.
 - Í 3. gr. segir í aðalatriðum að ef Kvika ákveði að afla sér eigin aðalleyfa frá alþjóðlegu kortakerfunum og sinna sjálf hluta eða öllum þeim verkþáttum sem um getur í þjónustusamningnum við sameinað félag, gildi eftir sem áður sömu frestir og fram koma í 2. gr. til að færa framkvæmdina að þessu leyti frá sameinuðu félagi.
 - Í 4. gr. er m.a. hnykkt á því að á meðan þjónustusamningurinn við sameinað félag er í gildi, skuli tryggja samkeppnislegt sjálfstæði Kviku gagnvart sameinuðu félagi, sbr. 10. gr. samkeppnislaga og sátt Samkeppniseftirlitsins við samrunaaðila. Kvika skuli ætíð fara ein með ákvörðunarvald um þóknarir í samningum við söluaðila.
 - Með ákvæði 5. gr. er Kviku gert óheimilt að selja fyrir tiltekið tímamark þá færsluhirðingarstarfsemi sem félagið mun reka eftir kaupin á samningunum. Er þetta ákvæði innleitt í því skyni að tryggja trúverðuga innkomu Kviku sem nýs keppinautar á markaðinn, og til að stuðla að því að skilyrði bæði sáttar Samkeppniseftirlitsins við Rapyd og sáttarinnar við Kviku hafi tilætluð samkeppnisleg áhrif.
 - Með 6. gr. skuldbindur Kvika sig til þess að færa færsluhirðingarstarfsemi sína ekki í dótturfélag nema að tilteknum, ströngum skilyrðum uppfylltum. Ennfremur segir m.a. að eftir slíka yfirfærslu verði þær skuldbindingar sem lagðar eru á Kviku banka hf. samkvæmt sáttinni einnig skuldbindingar dótturfélagsins eða annars félags innan samstæðunnar sem kann að taka við starfsemi.
 - Í 7. gr. kemur fram að óháður kunnátumaður sem skipaður verður til eftirlits með framfylgni við ákvæði sáttar Rapyd við Samkeppniseftirlitið, skuli jafnframt hafa eftirlit með því að Kvika og dótturfélag Kviku, sbr. 6. gr., hlíti þeim skilyrðum sem fram koma í sáttinni við Kviku.



V. Ákvörðunarorð

„Kaup Kvikú á tilteknu magni færsluhirðingarsamninga úr fórum sameinaðs félags Rapyd og Valitors fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Meðferð málsins lauk með sátt Kvikú við Samkeppniseftirlitið sem báðir aðilar höfðu lokið við að undirrita 21. maí 2022. Þeim skilyrðum sem felast í sáttinni er fyrst og fremst ætlað að tryggja að þau skilyrði sem sett voru samkvæmt sátt þeirri er liggur til grundvallar ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 13/2022 nái tilgangi sínum.

Samkeppniseftirlitið telur ekki þörf á frekari íhlutun vegna samrunans en felast í ákvæðum eftirfarandi sáttar sem Kviká hefur fallist á að hlíta.

Sáttin er svohljóðandi:

Samkeppniseftirlitið og Kviká banki hf., kt. 540502-2930 („Kviká“ eða „bankinn“), hafa gert með sér eftirfarandi sátt í samræmi við 17. gr. f. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Eftirfarandi skilyrði eru sett fyrir kaupum Kvikú á færsluhirðingarsamningum úr fórum Valitor hf. („Valitor“) og Rapyd Europe hf. („Rapyd“) og í tengslum við samning um kaup Kvikú á þjónustu af sameinuðu félagi Valitor og Rapyd („samrunaaðilar“ eða „sameinað fyrirtæki“).

1.

Trúverðugur keppinautur

Í sátt Samkeppniseftirlitsins og Rapyd vegna samruna Valitors og Rapyd er lögð sú kvöð á samrunaaðila að selja úr fórum sínum verulegt magn færsluhirðingarsamninga til hæfs kaupanda í því skyni að koma í veg fyrir þá röskun á samkeppni sem ella hefði leitt af samrunanum. Skapar salan aðstæður fyrir hæfan keppinaut til að hasla sér völl á færsluhirðingarmarkaði og keppa um viðskipti við söluaðila. Hafa samrunaaðilar nú gert samning við Kvikú um kaup á viðkomandi samningum.

Kviká lýsir því yfir að með kaupum á færsluhirðingarsamningum úr fórum samrunaaðila ætlar bankinn að veita íslenskum söluaðilum trausta og samkeppnishæfa þjónustu á sviði færsluhirðingar á smásölustigi hérlendis og um leið keppa með virkum hætti um viðskiptavinum á markaðnum til framtíðar.

2.

Uppsögn þjónustusamnings og gerð samnings við annan þjónustuveitanda

Fyrir liggur að Kviká hefur gert þjónustusamning (e. „*Technical Services Agreement*“, dags. 3. mars 2022, sbr. einnig viðauka við samninginn dags. 5. apríl 2022), við Rapyd um kaup á margvíslegri þjónustu af sameinuðu fyrirtæki.

Á grundvelli samkeppnissjónarmiða skuldbindur Kviká sig til þess að segja framangreindum þjónustusamningi við sameinað fyrirtæki upp og semja við annan þjónustuveitanda, sem ekki er umsvifamikill færsluhirðir á Íslandi, um veitingu sambærilegrar þjónustu til Kvikú og kveðið er á um í þjónustusamningnum. Nánar tiltekið skal þessu komið til framkvæmdar í samræmi við a) og b) liði hér að neðan:



- a) Kvika skal hafa lokið uppsetningu allra viðskiptasambanda sinna hjá nýjum þjónustuveitanda samkvæmt framangreindu eigi síðar en [...] ¹⁷ að undanskildum viðskiptasamböndum sem kveðið er á um í b) lið. Felur þetta í sér að þjónusta Kvikú við viðkomandi söluaðila á sviði færsluhirðingar skal eftir þessa tímasetningu ekki byggja á þjónustusamningnum við samrunaaðila heldur við hinn nýja þjónustuveitanda.
- b) Fyrir liggur að torveldara er að skipta um færsluhirði hjá sumum söluaðilum en almennt gerist, einkum vegna margbrotnari hugbúnaðarlausna. Á þetta einkum við um stærri smásölukeðjur og eldsneytisstöðvar. Skal Kvika hafa lengri frest til að ljúka uppsetningu slíkra viðskiptasambanda hjá hinum nýja þjónustuveitanda en þann almenna frest sem kveðið er á um í a) lið. Skal Kvika hafa lokið uppsetningu allra slíkra margbrotnari viðskiptasambanda sinna hjá hinum nýja þjónustuveitanda samkvæmt framangreindu eigi síðar en [...].¹⁸
- c) Ef sérstök vandamál koma upp við uppsetningu einstakra viðskiptasambanda hjá hinum nýja þjónustuveitanda, getur Kvika lagt fram rökstudda beiðni til Samkeppniseftirlitsins um sérstakan viðbótarfrest til að ljúka uppsetningu viðkomandi viðskiptasambanda. Slík tilvik þurfa að byggja á sannanlegum sérstökum atvikum eða aðstæðum.

3.

Öðlist Kvika eigin aðalleyfi frá alþjóðlegu kortakerfunum

Ef Kvika ákveður að afla sér eigin aðalleyfa frá alþjóðlegu kortakerfunum og sinna sjálf hluta eða öllum þeim verkþáttum sem um getur í þjónustusamningnum við samrunaaðila, skal Kvika ekki skuldbundin til að semja við annan þjónustuveitanda um veitingu sömu þjónustu til Kvikú og kveðið er á um í þjónustusamningnum við sameinað fyrirtæki. Eftir sem áður gilda sömu frestir og fram koma í a) og b) lið 2. gr. til að færa framkvæmdina að þessu leyti frá samrunaaðilum yfir til Kvikú og mögulegra aðila sem Kvika kann að semja við á grundvelli útvistunar verkþátta, s.s. færsluhirðingarvinnslu.

4.

Verðákvörðunarvald o.fl.

Fyrir liggur að Kvika hefur gert þjónustusamning við samrunaaðila og verður Kvika skráð sem greiðsluliðkandi (e. *Payment Facilitator*) hjá alþjóðlegu kortakerfunum á grundvelli aðalleyfa samrunaaðila. Meðan þjónustusamningurinn við samrunaaðila er í gildi, skal tryggja samkeppnislegt sjálfstæði Kvikú gagnvart samrunaaðilum, sbr. 10. gr. samkeppnislaga og sátt Samkeppniseftirlitsins við samrunaaðila. Í þessu felst m.a. að Kvika skuli ætíð fara ein með ákvörðunarvald um þóknanir í samningum við söluaðila. Þetta á við um færsluhirðingarsamninga sem Kvika kaupir af samrunaaðilum og gagnvart söluaðilum sem bankinn gerir síðar færsluhirðingarsamninga við. Jafnframt skulu samrunaaðilar ekki eiga aðra aðild eða aðkomu að samningssambandi Kvikú við söluaðila, umfram það sem leiðir af kröfum og reglum alþjóðlegu kortafélaganna, sem gæti takmarkað sjálfstæði og samkeppnishæfni Kvikú.

5.

Sölutakmörkun

Í því skyni að tryggja trúverðuga innkomu Kvikú sem nýs keppinautar á markaðinn, og til að stuðla að því að skilyrði bæði sáttar Samkeppniseftirlitsins við Rapyd og þessarar sáttar við Kvikú hafi tilætluð samkeppnisleg áhrif skuldbindur Kvika sig til að selja ekki

¹⁷ Trúnaðarmál.

¹⁸ Trúnaðarmál.



færsluhirðingarstarfsemi þá sem félagið mun reka eftir kaupin á samningunum fyrir [...] ¹⁹, sbr. tímamark b-liðar 2. mgr. 2. gr. sáttarinnar. Gildir þetta hvort sem um er að ræða sölu starfseminnar í heild eða sölu á færsluhirðingarsamningum út úr rekstrinum. Tekur þetta tímabundna sölubann jafnt til sölu á færsluhirðingarsamningum sem Kvika hefur keypt af samrunaaðilum sem sölu á samningum sem Kvika gerir síðar við nýja söluaðila.

6.

Skilyrði fyrir rekstri starfseminnar í dótturfélagi í eigu Kvikú

Við mögulega yfirfærslu færsluhirðingarstarfseminnar Kvikú í dótturfélag, verða þær skuldbindingar sem lagðar eru á Kvikú banka hf. samkvæmt sátt þessari einnig skuldbindingar dótturfélagsins eða annars félags innan samstæðunnar sem kann að taka við starfseminni. Í samræmi við það skal framkvæmdastjóri dótturfélagsins staðfesta skuldbindingar dótturfélagsins samkvæmt sáttinni með undirritun sinni áður en yfirfærsla starfseminnar í dótturfélagið á sér stað.

Kvikú skal því aðeins heimilt að færa færsluhirðingarstarfsemi sína í dótturfélag að eftirfarandi skilyrðum sé öllum fullnægt:

- i. Kvika og dótturfélagið hafi hlotið viðhlítandi leyfi frá fjármálaeftirliti Seðlabankans til að reka viðkomandi starfsemi í dótturfélagi.
- ii. Dótturfélagið skal vera alfarið í eigu Kvikú.
- iii. Dótturfélagið sé skráð sem greiðsluþjafi (*e. Payment Faciliator*) hjá viðkomandi kortakerfi á grundvelli aðallega samrunaaðila.
- iv. [...] ²⁰
- v. Dótturfélagið uppfylli þær hæfiskröfur sem gerðar eru til kaupanda skv. gr. 3.1 í sátt Samkeppniseftirlitsins og Rapyd, sem fram kemur í ákvörðun nr. 13/2022. Til þess að dótturfélagið geti veitt virka samkeppni þarf Kvika þannig m.a. að tryggja dótturfélaginu nægt eigið fé og aðra fjármögnun, nauðsynlegan mannauð og þekkingu, o.s.frv. Við mat í þessu sambandi skal horft til tengsla dótturfélagsins við Kvikú, þ. á m. þeirrar þekkingar, þjónustu og efnahagslegs styrkleika sem dótturfélagið nýtur í skjóli tengslanna.
- vi. Við markaðssetningu á þjónustunni komi nafn bankans fram þannig að ljóst sé hver standi að baki dótturfélaginu. Heimilt skal þó að reka starfsemina undir sjálfstæðu vörumerki, að gættu framangreindu skilyrði.
- vii. Samþykktir dótturfélagsins séu í samræmi við þær skuldbindingar sem kveðið er á um í sátt þessari.

Kvikú og dótturfélagið, hvor um sig og saman, ábyrgjast framangreindar skuldbindingar.

7.

Óháður kunnátumaður

Óháður kunnátumaður sem skipaður verður til eftirlits með því að ákvæði sáttar samrunaaðila og Samkeppniseftirlitsins vegna samruna þeirra séu virt, skal jafnframt hafa eftirlit með því að Kvika og dótturfélag Kvikú, sbr. 6. gr., hlíti þeim skilyrðum sem fram koma í þessari sátt.

¹⁹ Trúnaðarmál.

²⁰ Trúnaðarmál.



Skal Kvika tryggja, eða sjá til þess að tryggt verði, að kunnáttumaðurinn hafi óhindraðan aðgang að öllum gögnum og upplýsingum sem honum eru nauðsynlegar til þess að framkvæma eftirlit sitt.

Samrunaaðilar bera kostnað af störfum hins óháða kunnáttumanns.

8.

Endurskoðun

Ef aðstæður á markaði fyrir færsluhirðingu taka verulegum, óvæntum breytingum þannig að forsendur fyrir færsluhirðingarstarfsemi Kvikubresta, er Kviku heimilt að óska eftir afléttingu tímabundins sölubanns skv. 1. mgr. 5. gr. sáttarinnar. Skal Samkeppniseftirlitið taka afstöðu til slíkrar beiðni svo fljótt sem verða má.

Að öðru leyti gilda um sátt þessa ákvæði VI. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 17. gr. e.-f. samkeppnislaga.

9.

Viðurlög

Brot á þeim fyrirmælum sem koma fram í þessari sátt varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga. Gildir þetta m.a. um tímafresti skv. 2. gr. sáttarinnar. Fari Kvika ekki að tímafrestum 2. gr. getur Samkeppniseftirlitið krafist þess, í því skyni að vernda samkeppni, að Kvika selji viðkomandi samninga til aðila sem hefur þegar eigin aðalleyfi frá Visa Inc. og Mastercard Inc. og er fær um að veita samkeppnislegt aðhald.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson